



FUNDARGERÐ ÁRSFUNDAR 2014
Haldinn að Grand Hótel Reykjavík
miðvikudaginn 30. apríl 2014 kl. 17:00

Dagskrá ársfundar:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Kynning ársreiknings - tryggingafræðileg úttekt - fjárfestingarstefna.
3. Tillaga til breytinga á samþykktum.
4. Kosning/skipan stjórnar.
5. Ákvörðun launa stjórnarmanna.
6. Kjör endurskoðanda.
7. Önnur mál.

Fundarsetning

Heiðrún Jónsdóttir stjórnarformaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Heiðrún gerði tillögu um Magnús Norðdahl hrl. sem fundarstjóra og var það samþykkt samhljóða.

Magnús Norðdahl tók við fundarstjórn, kynnti dagskrána, gerði grein fyrir lögmæti fundarins og upplýsti að hann hefði kannað boðun fundarins og áskildar auglýsingar og úrskurðaði hann löglegan þar sem rétt hefði verið til hans boðað. Magnús gerði tillögu um Bjarneyju Sigurðardóttur sem fundarritara og var það samþykkt samhljóða. Magnús gekk þá til dagskrár og gaf Heiðrúnu Jónsdóttur formanni orðið.

1. Skýrsla stjórnar

Heiðrún Jónsdóttir stjórnarformaður flutti skýrslu stjórnar.

Í upphafi máls síns gat Heiðrún þess að árið 2013 hafi verið annasamt og viðburðaríkt hjá Gildilífeyrissjóði. Sjóðurinn skilað 9,1% nafnávöxtun á árinu sem jafngildir 5,3% raunávöxtun og sagði hún ánægjulegt að sjá sjóðinn vera að styrkja stöðu sína eftir erfið ár frá hruni og þakkaði stjórnendum og starfsmönnum fyrir vinnusemi og trúmennsku fyrir sjóðinn í flóknu starfsumhverfi með síauknum kröfum eftirlitsaðila. Heiðrún benti á að árangur sjóðsins til lengri tíma sé vel ásættanlegur að teknu tilliti til áfalla árána 2008 og 2009 og þeirra miklu áhrifa sem þau höfðu á íslenskt efnahagslíf. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sl. 5 ár er 2,9% og um 2,5% sl. 10 ár. Heiðrún sagði að þrátt fyrir að tryggingafræðileg staða hafi batnað nokkuð á milli ára sé hún neikvæð um 3,5%. Hrein eign sjóðsins var 334 milljarðar í lok árs 2013. Tæplega 190.000 manns eiga réttindi í sjóðnum og virkir sjóðfélagar eru um 27.000. Þá gat hún þess að lífeyrisgreiðslur samtryggingardeildar hafi verið tæpir 10 milljarðar á árinu sem voru greiddar 17.000 lífeyrisþegum. Benti hún á að á sama tíma og eignir sjóðsins aukist þá aukist jafnframt skuldbindingar hans vegna hækkandi aldurs landsmanna.

Heiðrún gerði því næst að umtalsefni þær breytingar sem orðið hafa á lífsgæðum og meðalaldri landsmanna, vegna framfara í læknávisindum, með breyttum lífsstíl og betri aðbúnaði. Sagði hún mikilvægi lífeyriskerfisins því spila æ stærri þátt í samfélagi okkar og það hljóti að vera markmið okkar að byggja upp sjálfbæran sjóð til greiðslu lífeyris frekar en að börnin okkar greiði lífeyrinn okkar í gegnum skatta eins og víða er gert. Heiðrún minntist framsýnna forsvarsmanna vinnumarkaðarins sem byggðu grunninn að íslenska lífeyriskerfinu fyrir rúmlega fjórtíu árum og

sagði ljóst að lífeyriskerfið muni taka breytingum á næstunni og þá verði mikilvægt að vanda til verka og að sátt ríki þar um.

Heiðrún vék því næst að örorkubyrði sjóðsins og sagði að greiddur örorkulífeyrir ársins 2013 hafi verið rúmir 3 milljarðar sem er um 12,5% hækkun á milli ára. Benti hún á að Gildi hafi þyngri örorkubyrði en margir aðrir lífeyrissjóðir og það hafi mikil áhrif á afkomu sjóðins. Hún gerði einnig grein fyrir samstarfinu við VIRK undanfarin ár og sagði mikilvægt að nýta þau úrræði sem þar bjóðast og grípa snemma inn í vanda sjóðfélaga.

Á árinu var haldinn sjóðfélagafundur þar sem farið var yfir stöðu sjóðsins og helstu verkefni kynnt. Þá var opið hús þar sem sjóðfélögum bauðst að koma í heimsókn og kynna sér starfsemi sjóðsins. Landssamtök lífeyrissjóða hafa einnig unnið gott upplýsingastarf með vefritinu Vefflugunni og Lífeyrisgáttinni þar sem sjóðfélagar geta séð yfirlit yfir stöðu sína í lífeyriskerfinu.

Haldnir voru 26 stjórnarfundir á árinu 2013 og gerði Heiðrún grein fyrir auknum kröfum sem gerðar eru til stjórnarmanna varðandi hæfi, reynslu og vinnuframlag. Heiðrún gerði einnig grein fyrir störfum endurskoðunarnefndar en nefndin hélt 11 fundi á árinu. Nefndin hafði eftirlit með innri og ytri endurskoðun sjóðsins auk þess sem hún fylgdi eftir innleiðingu eigna- og áhættustýringarkerfis sjóðsins. Þá leitaði nefndin tilboða í ytri endurskoðun sjóðsins og varð niðurstaðan að velja Deloitte og muni tillaga um það verða lögð fyrir ársfundinn. Heiðrún þakkaði KPMG fyrir vel unnin störf fyrir Gildi í gegnum tíðina.

Heiðrún gerði því næst gjaldeyrishöftunum skil og benti á að um 27% af eignum sjóðsins eru erlendar eignir. Sagði hún höftin draga úr möguleikum sjóðsins til ávöxtunar og sagði afnám haftanna vera eitt af stærstu hagsmunamálum íslenskra lífeyrissjóða.

Hún vék að markaðsmálum og sagði að markaður með skráð hlutabréf og skuldbréf hafi byggst hægar upp en væntingar stóðu til um og því hafi sjóðurinn leitað nokkuð í óskráð bréf í samræmi við heimildir sínar. Þá var aukin áhersla lögð á veðlán til sjóðfélaga á árinu m.a. með lækkun vaxta og kostnaðar.

Heiðrún vitnaði í umræðu um fyrirferð íslenskra lífeyrissjóða á hlutabréfamarkaðnum og sagði mikilvægt að vanda verklag og ákvarðanir í fjárfestingum og horfa til langtímahagsmuna sjóðsins. Sjóðurinn samþykkti nýja hluthafastefnu í mars 2013 og hefur unnið eftir henni í kjölfarið. Sem hluta af áhættueftirliti og eftirfylgni var mörkuð sú stefna að skipa stjórnarmenn í félög þar sem sjóðurinn á rétt til. Til að tryggja gegnsæi og gott val um hæfa einstaklinga ákvað stjórnin að auglýsa eftir áhugasömum aðilum sem vildu taka að sér stjórnarsetu fyrir hönd Gildis. Viðbrögðin voru góð og eru nú um 400 manns skráðir á listann sem auðveldar vinnu valnefndar sem velur aðila í stjórnir.

Heiðrún gerði því næst samkeppnissjónarmiðum skil og sagði sjóðinn horfa með auknum þunga á þau sjónarmið í öllu sínu starfi. Sagði hún að áhersla sé lögð á sjálfstæði í vinnubrögðum á markaði og benti á að sjóðurinn starfar í stífu regluverki sem er í stöðugri endurskoðun og þannig er reynt að bæta innri ferla og verklag til að auka gæði ákvarðana. Gildi hefur því skilgreint vel í hluthafastefnu sinni hlutverk stjórnarmanna sem tilnefndir eru fyrir sjóðinn.

Hún segir mikilvægt að almenn sátt ríki um lífeyriskerfið og að staðinn sé vörður um sjóðina og kerfið í heild þar sem lífeyrissjóðirnir séu kjölfesta í íslensku samfélagi og að mikilvægi þeirra muni aukast ár frá ári.

Að lokum leit Heiðrún yfir farinn veg en hún hefur setið í stjórn Gildis í 6 ár og er nú að stíga út úr stjórn vegna 6 ára reglu Samtaka atvinnulífsins. Hún þakkaði starfsfólki og stjórnarmönnum samstarfið og óskaði þeim velfarnaðar.

Fundarstjóri lagði til að opnað yrði fyrir umræður eftir næsta dagskrárlið og var það samþykkt.

2. Kynning ársreiknings - tryggingafræðileg úttekt - fjárfestingarstefna

Árni Guðmundsson framkvæmdastjóri gerði grein fyrir reikningum sjóðsins, tryggingafræðilegri úttekt og fjárfestingarstefnu.

Árni benti á að í ávarpi formanns hafi starfsemi sjóðsins á árinu verið gerð góð skil en hann muni í yfirferð sinni fara yfir helstu stærðir í reikningum sjóðsins og mikilvæg gögn tengd reikningnum en vísaði að öðru leyti í ársskýrslu sjóðsins. Hrein eign sjóðsins jókst um 32,1 ma.kr. á árinu og voru heildareignir sjóðsins rúmlega 334 ma.kr. í árslok 2013. Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt er staða sjóðsins neikvæð um 3,5%.

Árni gerði því næst grein fyrir ávöxtun sjóðsins á árinu 2013. Samtryggingardeildin skilaði 9,1% nafnávöxtun á árinu sem samsvarar 5,3% raunávöxtun. Nafnávöxtun séreignardeilda var þannig að Framtíðarsýn I skilaði 8,9% nafnávöxtun, Framtíðarsýn II 6,7% og Framtíðarsýn III 5,2%. Meðaltal hreinnar nafn- og raunávöxtunar samtryggingar s.l. 5 ár er, 8,0% nafnávöxtun og 2,9% raunávöxtun.

Iðgjöld sem greidd voru til sjóðsins á árinu voru 13,6 ma.kr. sem er aukning um 8,6% á milli ára og framlag ríkisins til jöfnunar örorkubyrði var 986 milljónir samanborið við 925 milljónir árið áður. Lífeyrisgreiðslur jukust um 11,8% frá fyrra ári og voru 10,2 ma.kr., greiddar til alls 20.108 sjóðfélaga og gerði Árni grein fyrir skiptingu þeirra milli tegunda og vísaði á mynd á bls. 17 í ársskýrslu. Fjárfestingatekjur sjóðsins voru rúmlega 28 ma.kr. á árinu 2013 samanborið við 33 ma.kr. árið áður. Rekstrarkostnaður sjóðsins var 638 m.kr. og gerði Árni grein fyrir stærstu liðum hans.

Því næst var gerð grein fyrir helstu liðum í efnahagsreikning sjóðsins 31.12.2013. Hrein eign til greiðslu lífeyris var 334,3 ma.kr. í árslok. Helstu kennitölur samtryggingardeildar 2013 eru: Hrein raunávöxtun 5,3% og hrein nafnávöxtun 9,1%. Hrein meðalávöxtun s.l. 5 ár 2,9%. Rekstrarkostnaður 0,11%. Fjöldi virkra sjóðfélaga 26.772 og fjöldi lífeyrisþega 17.110.

Árni sýndi yfirlit yfir kaup og sölu verðbréfa á árinu 2013 og gerði grein fyrir helstu fjárfestingum í skráðum og óskráðum hlutabréfum og skuldabréfum ársins. Nettókaup í skuldabréfum voru um 14,4 ma.kr. og í hlutabréfum 12,8 ma.kr. Árni benti á að sala umfram kaup í erlenda vögunarsafninu er 5,9 ma.kr. og er nú mjög lítill hluti eftir í því safni.

Árni sýndi einnig myndrænt ýmsar upplýsingar um ávöxtun s.s. ávöxtun einstakra eignaflokka, þróun ávöxtunar samtryggingardeildar í 10 ár og samanburð á ávöxtun lífeyrissjóða. Einnig gerði hann grein fyrir skiptingu verðbréfaeignar samtryggingardeildar í árslok 2013. Stærstu eignaflokkarnir eru ríkistryggð skuldabréf sem eru 42,7% af safninu, erlend hlutbréf 24,9% og innlend hlutabréf 11,9%.

Fjárfestingarstefna

Árni vék því næst að fjárfestingarstefnu sjóðsins og sagði að markmið stefnunnar væri að ná sem bestri ávöxtun á fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem bjóðast á hverjum tíma að teknu tilliti til áhættu. Fjárfestingarkostir hafi verið takmarkaðir undanfarin ár og tekur stefna sjóðsins nokkurt mið af því. Þá benti Árni á að endurreisn markaða hafi verið hægfara og hömlur á erlendum fjárfestingum setji sjóðnum verulegar skorður.

Í stefnunni fyrir árið 2014 verður lögð áhersla á að auka vægi innlendra hlutabréfa, skuldabréfa fyrirtækja og veðlána. Á móti verður dregið úr vægi ríkisskuldabréfa, innlána og erlendra skuldabréfa. Árni gerði því næst grein fyrir fjárfestingarstefnum samtryggingardeildar og séreignardeilda.

Tryggingafræðileg úttekt

Árni lauk yfirferð sinni á upplýsingum úr tryggingafræðilegri úttekt sjóðsins. Hann gat þess að Talnakönnun hafi unnið úttektina líkt og undanfarin ár og sömu forsendur notaðar í ár og í árslok 2012. Úttektin felst í að reikna út þá skuldbindingu sem þegar er áfallin í árslok miðað við áunnin réttindi sjóðfélaga og hins vegar heildarskuldbindingu miðað við að sjóðfélagar haldi áfram að greiða í sjóðinn þar til þeir fara á lífeyri.

Heildarstaða sjóðsins er neikvæð um 3,5% eða um 20 ma.kr. sem er heldur betra en í árslok 2012 en þá var staðan neikvæð um 4,4%. Áfallin staða er neikvæð um 9,2 ma.kr. en var neikvæð um 12,2 ma.kr. árið áður, þannig að staðan er heldur að batna.

Magnús Norðdahl fundarstjóri opnaði nú mælendaskrá og bað þá sem vildu taka til máls að láta sig vita, kynna sig í pontu og bera fram fyrirspurnir sínar með skýrum hætti.

Til máls tók **Jóhann Páll Símonarson**

Jóhann Páll vísaði í bls. 39 í ársskýrslunni og óskaði eftir skýringum á óvissuþáttum. Einnig óskaði hann skýringa á fyrirtækinu IEI slhf. og hvað væri á bak við önnur hlutabréf upp á 1,3 ma.kr. Þá óskaði hann skýringa á öðrum framtakssjóðum upp á 283 m.kr og spurði einnig hvort Century Aluminium væri traust fjárfesting. Jóhann spurði einnig hvort skuldabréf fyrirtækja upp á 10 ma.kr. væru tryggð með veðum.

Til máls tók **Örn Pálsson**

Örn þakkaði framkvæmdastjóra og formanni fyrir ágæta skýrslu en sagðist vera með nokkur atriði sem ekki komu fram í yfirferð þeirra. Örn spyr hvort sjóðurinn ætli að beita sér fyrir því að einn eða fleiri stjórnarmenn verði kosnir beinni kosningu á ársfundi samkvæmt tillögu í skýrslunni sem gerð var af úttektarnefnd lífeyrissjóðanna og hvar þetta mál sé statt.

Örn velti fyrir sér hvernig eign er metin ef hún kemur í gegnum aðra sjóði, þar sem lögð er áhersla á að eiga stjórnarmann ef eignarhlutur er verulegur eða meira en 5% og vísaði í eign í N1.

Því næst spurði Örn hvernig hagnaður er metinn í óskráðum hlutabréfum.

Örn vísaði á bls. 39 í ársskýrslu og spurðist fyrir um hver staðan er á dómsmálinu þar sem sjóðurinn stefnir ríkinu til endurgreiðslu á skatti og hvaða fjármunir eru í húfi. Örn spurði einnig um stöðuna á málinu gagnvart Glitni og telur það ganga hægt miðað við hve mikið er í húfi.

Örn fagnaði því að ytri endurskoðun sjóðsins hafi verið boðin út en spurði hvað væri falið í innri endurskoðun og hverjir framkvæmdu hana hjá sjóðnum. Örn spurði því næst um ávöxtun vogunarsjóðanna og hversu mikið tap hafi verið á erlendum hlutdeildarskírteinum.

Að lokum óskaði Örn eftir skýringu á því hvers vegna innlán í samtryggingardeild eru með neikvæða ávöxtun en séreignardeildirnar með jákvæða ávöxtun.

Til máls tók **Þórunn Sveinbjarnardóttir**

Þórunn velti fyrir sér örorkumálum sjóðsins og spurði hve margir sjóðfélagar hafi nýtt sér þjónustu VIRK og hvaða árangur Gildi er að sjá varðandi þessi mál. Þórunn benti á að hlutfall örorkulífeyrisþega hafi vaxið mikið á síðustu árum og segir það alvarlegt mál og það sé skylda sjóðsins að aðstoða þessa sjóðfélaga við að komast aftur út á vinnumarkaðinn.

Til máls tók **Heiðrún Jónsdóttir**

Heiðrún svaraði fyrstu spurningu Arnar Pálssonar varðandi það að kjósa stjórnarmenn beint á ársfundi. Heiðrún sagði það skýrt í samþykktum sjóðsins hvernig kosið er í stjórn og sagði að ekki hafi verið umræða um að breyta því.

Heiðrún svaraði einnig spurningu Arnar varðandi stjórnarmenn í þeim fyrirtækjum þar sem eignarhlutur er stór. Sagði hún að horft væri til þess að sjóðurinn eigi verulegan hlut og oftast

miðað við 5% þar sem um bein eignatengsl er að ræða. Benti hún á að oft tilnefni sjóðurinn stjórnarmann með öðrum minni hluthöfum, þar sem gjarnan eru 5 manna stjórnir og því vægi hvers stjórnarmanns 20%. Heiðrún sagði að í hluthafastefnu sjóðsins væri tekið skýrt á þessum málum.

Til máls tók **Árni Guðmundsson**

Árni svaraði fyrirspurn Jóhanns Páls um óvissuþætti og hvaða félög það eru sem hafa breytt skuldum í hlutafé og nefndi Árni sem dæmi Bakkavör, Eimskip, N1 og Skipti. Þá útskýrði Árni félagið IEI og sagði að Framtakssjóði Íslands hafi verið skipt upp í tvö félög og er IEI félag um erlendar eignir sjóðsins. Varðandi fyrirspurn Jóhanns Páls um önnur hlutabréf er um að ræða langan lista og óskaði Árni eftir að Jóhann Páll kæmi við hjá sjóðnum og fengi þær upplýsingar þar sem þær liggja ekki fyrir hér. Jóhann spurði um aðra framtakssjóði og sagði Árni að þarna væri m.a. um að ræða Frumtak, Brú, Horn II og fleiri. Varðandi fyrirspurn um Century Aluminum, hvort það sé traust fjárfesting, sagði Árni að sjóðurinn fari í allar fjárfestingar í þeirri trú að þær séu traustar. Árni svaraði varðandi skuldabréf fyrirtækja hvort þau eru tryggð með veðum, að mörg þeirra séu það en ekki öll og þá séu þau tryggð með öðrum hætti.

Árni svaraði því næst fyrirspurn frá Erni Pálssyni um hvernig hagnaður á óskráðum bréfum er metinn. Sagði hann slík bréf almennt vera færð á kostnaðarverði. Varðandi fyrirspurn Arnar um dómsmál, stefnu gegn ríkinu, svaraði Árni því til að það sé í eðlilegum farvegi og sagði þá fjármuni sem í húfi eru, vera um 200 milljónir, eða þá upphæð sem Gildi greiddi í þennan skatt.

Árni var sammála Erni um að málið gegn Glitni taki mjög langan tíma og sagði að dómskvöddu matsmennirnir hafi verið að störfum í all langan tíma en stefnt sé að niðurstöðu í málinu í haust. Árni sagði að innri endurskoðun sjóðsins sé í höndum PwC og þeir framkvæmi hefðbundna innri endurskoðun lífeyrissjóða. Varðandi fyrirspurn um ávöxtun vogunarsjóða sagðist Árni ekki vera með þær tölur hér og nú.

Árni svaraði að lokum fyrirspurn Þórunnar varðandi VIRK en sagðist ekki vera með nákvæmar tölur hér á fundinum um fjöldann sem hefur farið í endurhæfingu hjá VIRK. Árni sagði frá samstarfsverkefni Gildis og VIRK sem unnið hefur verið að frá áramótum. Um er að ræða eins konar tilraunaverkefni með það að markmiði að ná betur utan um heildina. Árni sagði að öll vinna og skráning sé nú markvissari, haldnir eru reglulegir fundir þar sem farið er yfir allar nýjar umsóknir og fleiri hafi í kjölfarið verið sendir til VIRK.

Til máls tók **Davíð Rúðólfsson**

Davíð svaraði fyrirspurn Arnar Pálssonar um mismun á ávöxtun á innlánnum milli deilda. Davíð sagði nokkrar ástæður vera fyrir þessum mismun. Hluti innlána samtryggingardeildar er í erlendra mynt og einnig er hér um að ræða reikningslega forsendu þar sem reiknað er af meðalstöðu í upphafi og lok árs og þá liggja þetta líka í stærðarmun á milli deilda, en séreignardeildirnar eru mjög litlar samborið við upphæðir í samtryggingarsjóðnum.

Davíð kom einnig inn á málefni vogunarsjóðanna og sagði að ástæðan fyrir sölunni á þeim ekki vera vegna þess að þetta sé slæmur eignaflokkur, heldur tengist þetta því rými sem vogunarsjóðirnir taka í eignasafninu og ákveðið var að nýta þetta rými frekar í innlendar fjárfestingar. Davíð sagði ávöxtun vogunarsjóðanna vera ágæta til lengri tíma litið.

Fyrirspurn barst úr sal um hverjir eru fulltrúar Gildis í stjórnnum félaga. Árni framkvæmdastjóri svaraði þeirri fyrirspurn og taldi upp nöfn allra þessara fulltrúa.

3. Tillaga til breytinga á samþykktum

Magnús fundarstjóri gerði grein fyrir tillögum ásamt greinargerð sem stjórn sjóðsins lagði fram til breytinga á samþykktum sjóðsins. Um er að ræða breytingu á grein 4.1, þannig að varamönnum frá atvinnurekendum verði fækkað úr fjórum í tvo. Magnús gat þess að ef þessi tillaga verði samþykkt þá muni leiða af því að grein 5.5 um dagskrá ársfundar muni einnig breytast.

Tillögurnar ásamt greinargerð voru svohljóðandi:

Grein 4.1. orðist þannig (nýtt er auðkennt með rauðu, það sem fellur út er yfirstrikað):

Stjórn sjóðsins skal skipuð átta mönnum. Fjórir skulu kosnir af fulltrúum sjóðfélaga á ársfundum ásamt jafnmörgum varamönnum, en eðg fjórir af stjórn Samtaka atvinnulífsins ásamt tveimur varamönnum. Átta varamenn skulu kosnir á sama hátt og til jafnlangs tíma og aðalmenn. Kjörtímabil stjórnarmanna er tvö ár og skal árlega kjósa helming stjórnarmanna og varamenn þeirra. Gæta skal ákvæða laga um kynjahlutföll við skipan stjórnar. Tveimur mánuðum fyrir ársfund skulu aðildarsamtök launamanna sem að sjóðnum standa skipa fjögurra manna kjörnefnd sem skal gera tillögu til fulltrúa sjóðfélaga í fulltrúaráði um kosningu stjórnarmanna og varamanna þeirra fyrir komandi kjörtímabil. Tillaga kjörnefndar um val til stjórnar skal taka mið af uppruna sjóðsins og hafa það að markmiði að þeir sem hagsmuna eiga að gæta hafi tilsvarandi aðkomu að stjórn sjóðsins.

Greinargerð.

Stjórn Samtaka atvinnulífsins hefur óskað eftir því að varamönnum fyrir fulltrúa atvinnurekenda verði fækkað úr fjórum í tvo. Telja samtökin það heppilegra því að þannig séu meiri líkur á að varamenn séu virkir í starfsemi sjóðsins. Af hálfu samtaka launamanna er ekki gerð tillaga um fækkun varamanna enda hafa þeir m.a. gengt hlutverki tengiliða við aðildarsamtök sjóðsins.

Af breytingu á gr. 4.1. leiðir að 3. málsl. 5. tl. gr. 5.5. um dagskrá ársfundar verður svohljóðandi:

Fulltrúar samtaka atvinnurekenda skulu tilkynna um kjör stjórnar Samtaka atvinnulífsins á tveimur aðalmönnum og einum tveimur varamanni varamönnum í stjórn.

Fundarstjóri opnaði fyrir umræður um tillögur stjórnar til breytinga á samþykktum sjóðsins.

Til máls tók **Árni Jón Konráðsson**

Árni Jón sagði að þessi tillaga hefði fyrir löngu átt að vera fram borin en sagði þó einn galla vera á tillögunni sem væri sá að atvinnurekendur ættu ekki að vera inni í stjórn.

Fundarstjóri gekk því næst til atkvæðagreiðslu um tillögurnar.

Tillaga nr. 1: Breyting á grein 4.1

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Tillaga nr. 2: Breyting á grein 5.5

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

4. Kosning/skipan stjórnar.

Fundarstjóri benti á að eingöngu væri kosið um fulltrúa launafólks þar sem atvinnurekendur skipa sína menn í stjórn. Benti hann jafnframt á að aðeins fulltrúar launamanna á fundinum hafi atkvæðisrétt um þessa tillögu.

Tillaga kjörnefndar um fulltrúa aðildarsamtaka launamanna til tveggja ára, til ársfundar 2016:

Aðalmenn: Árni Bjarnason
 Konráð Alfreðsson

Varamenn: Lilja Sæmundsdóttir
 Sigurður A. Guðmundsson

Fundarstjóri gekk því næst til atkvæðagreiðslu um tillöguna.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Fundarstjóri gerði síðan grein fyrir skipan Samtaka atvinnulífsins í stjórn sjóðsins til tveggja ára:

Aðalmenn: Jóhanna Waagfjörð
 Þórunn Liv Kvaran

Magnús benti á að samkvæmt breytingum sem samþykktar voru fyrr á fundinum hafi tveir varamenn átt að ganga úr stjórn núna en eftir sitji tveir sem verða þá varamenn til næsta árs, Anna María Kristinsdóttir og Einar Sigurðsson.

5. Ákvörðun um laun stjórnar.

Fundarstjóri kynnti tillögu um laun stjórnarmanna.

Ársfundurinn samþykkir að mánaðarlaun aðalmanns verði kr. 89.440, laun formanns verði tvöföld eða kr. 178.880 og laun varaformanns verði kr. 134.160. Ef varamaður tekur sæti aðalmanns í stjórn greiðast kr. 44.720 fyrir hvern setinn stjórnarfund. Ef stjórnarfundir eru fleiri en 1 í hverjum mánuði skal greiða aukalega fyrir hvern setinn fund. Stjórnarmaður skal fá sömu greiðslu og varamenn fá greitt fyrir hvern setinn fund og formaður og varaformaður í sömu hlutföllum og að ofan greinir.

Fundarstjóri opnaði fyrir umræðu um tillöguna. Fyrirspurn barst úr sal um hve mikil hækkunin er milli ára. Magnús fundarstjóri svaraði því til að þessi hækkun væri um 4%. Önnur fyrirspurn barst úr sal varðandi það hvort stjórnarmenn væru að þiggja stjórnarlaun ofan á vinnulaunin sín þar sem stjórnarfundir væru yfirleitt haldnir á hefðbundnum vinnutíma.

Til máls tók **Elínbjörg Magnúsdóttir**

Elínbjörg sagði að hún hafi lagt fram þessa tillögu í stjórn um hækkun á stjórnarlaunum til samræmis við það sem samið var um í kjarasamningum, eða um 4% hækkun. Hún benti á að hennar vinnutími væri á nóttunni og hún sæti stjórnarfundir á daginn. Hún sagði að ef þessir fundir myndu stangast á við vinnu hennar yrði hún að taka frí úr vinnunni og vinna það af sér síðar. Henni finnst því eðlilegt að þessi laun fylgi almennum hækkunum.

Fundarstjóri gekk því næst til atkvæðagreiðslu um tillöguna.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

6. Kjör endurskoðanda.

Fundarstjóri kynnti tillögu stjórnar um að Deloitte ehf., Smáratorgi 3, Kópavogi, verði endurskoðandi Gildis.

Fundarstjóri óskaði eftir fleiri tillögum.

Til máls tók **Árni Guðmundsson**

Framkvæmdastjóri sagði frá vinnu endurskoðunarnefndar við val á nýjum endurskoðendum sjóðsins. Verkið var boðið út og var valið úr fjórum endurskoðunarstofum sem sendu inn tilboð. Árni sagði að vinna nefndarinnar hafi verið mjög fagleg og vel að öllu staðið við mat á tilboðum þessara aðila og niðurstaðan hafi verið val á Deloitte. Árni þakkaði KPMG kærlega fyrir gott samstarf í gegnum árin.

Fundarstjóri gekk því næst til atkvæðagreiðslu um tillöguna.

Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

7. Önnur mál

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu sem hafði borist frá Erni Pálssyni.

Tillagan er svohljóðandi:

Tillaga til ályktunar á ársfundi 30. apríl 2014

Ársfundur Gildis lífeyrissjóðs samþykkir að á næsta stjórnarfundum Haga muni fulltrúi Gildis í stjórn fyrirtækisins bera fram eftirfarandi tillögu:

„Stjórn Haga samþykkir að ráðningasamningur við forstjóra fyrirtækisins verði tekinn til endurskoðunar þannig að mánaðarleg laun, hlunnindi og árangurstengdar þóknarir fari ekki umfram 3,0 milljónir. Jafnframt verði ráðningasamningar annarra stjórnenda fyrirtækisins teknir til endurskoðunar þar sem sambærilegar greiðslur verði innan hóflegra marka.“

Greinargerð:

Í samskipta- og siðareglum fyrir stjórn og starfsmenn Gildis-lífeyrissjóðs segir m.a. eftirfarandi:

„Sjóðurinn fjárfestir í samfélagslega ábyrgum fyrirtækjum sem fylgja lögum og reglum samfélagsins og viðurkenndum viðmiðunum um góða stjórnarhætti og viðskiptasiðferði. Sjóðurinn fjárfestir ekki í fyrirtækjum sem ofbjóða siðferðisvitund almennings með ósanngjarnri framkomu gagnvart starfsfólki s.s. varðandi kjör og stjórnunaraðferðir eða með óhófi í launamálum stjórnenda sem og öðrum rekstrarþáttum. Stjórn tekur afstöðu til slíkra mála sem upp koma og ákveður hvort selja eigi hlut sjóðsins í ljósi þeirra viðbragða sem athugasemdir við óeðlilega starfshætti fá.“

Gildi lífeyrissjóður á 10,32% í Högum. Samkvæmt ársskýrslu Haga 2012-2013 eru mánaðargreiðslur til forstjóra fyrirtækisins 6 milljónir. Óumdeilt er að slík ofurlaun rúmast ekki innan framangreinds ákvæðis í siðareglum Gildis-lífeyrissjóðs.

Fundarstjóri sagði að sér hafi verið vandi á höndum varðandi þessa tillögu þar sem að hann verði að stjórna fundinum í samræmi við samþykktir sjóðsins og í samræmi við landslög og vera sanngjarn. Fundarstjóri gat þess að þegar hann hafi lesið tillöguna hafi hann áttað sig á því að hún væri sennilega ekki tæk til efnislegrar ákvarðanatöku á ársfundinum eins og hún er orðuð.

Fundarstjóri vitnaði í grein 5.1 í samþykktum sjóðsins þar sem segir að ársfundur Gildis fari með æðsta vald í málefnum þessa sjóðs og á sama hátt fari hluthafafundur með æðsta vald í málefnum hlutafélaga skv. 80. gr. hlutafélagalaga. Samkvæmt þessu fari ársfundur Gildis-lífeyrissjóðs hvorki samkvæmt samþykktum sínum eða landslögum með boðvald yfir tilteknum stjórnarmönnum í þeim félögum sem sjóðurinn á hlut í. Benti hann á að hluthafafundir í þessum félögum fari ekki heldur með slíkt boðvald yfir stjórnarmönnum. Ársfundur Gildis getur því ekki með lögum og skuldbindandi hætti lagt fyrir tiltekinn stjórnarmann í Högum að flytja tiltekna tillögu í stjórn félagsins um að eitthvað skuli gert, þar sem hér er um tvo óskylda lögaðila að ræða.

Fundarstjóri sagði að eins og tillaga sú sem lögð er fyrir fundinn er orðuð er það ómögulegt fyrir stjórn og framkvæmdastjóra að hrinda henni í framkvæmd samkvæmt efni sínu. Fundarstjóri sagðist hafa viljað gera grein fyrir þessari skoðun sinni og sagðist gera að tillögu sinni sem fundarstjóri að þessari tillögu verði vísað til stjórnar sjóðsins sem síðan taki hana til efnislegrar meðferðar í samræmi við og samkvæmt, samskipta- og siðareglum sjóðsins og hluthafastefnu.

Fundarstjóri gerði stutt hlé á fundinum.

Óskað var eftir að fundarstjóri rökstyddi tillögu sína varðandi þetta mál. Fundarstjóri endurtók það sem hann hafði áður sagt varðandi ákvörðunarvald ársfundar sjóðsins og aðalfundi hlutafélaga. Þess vegna væri það álit hans að ársfundur Gildis-lífeyrissjóðs geti ekki með lögum og skuldbindandi hætti lagt fyrir tiltekinn stjórnarmann í Högum að flytja tiltekna tillögu í stjórn þess félags, um að eitthvað skuli gert, þar sem hér er um tvo óskylda lögaðila að ræða.

Fundarstjóri opnaði mælendaskrá um þessa tillögu.

Til máls tók **Heiðrún Jónsdóttir**

Heiðrún sagðist styðja tillögu fundarstjóra um að vísa málinu til stjórnar til efnislegrar umræðu og meðferðar. Heiðrún vísaði í rökstuðning fundarstjóra og sagði að tillaga Arnar eins og hún er fram sett standist ekki lög og samþykktir sjóðsins. Heiðrún sagði að þó svo að tillaga Arnar væri lögð fram og samþykkt hér á ársfundinum þá hefði hún ekki vægi og væri í raun markleysa eins og hún er fram sett, þar sem ársfundur er ekki heimilt að beina slíku máli til stjórnarmanns í félagi sem hann á hlut í. Heiðrún benti á að stjórn Gildis hafi oft rætt launamál stjórnarmanna í þeim félögum sem sjóðurinn á hluti í og almennt sé horft til þess að félögin greiði samkeppnishæf laun sem tryggji þeim hæfa og góða stjórnendur. Hún sagðist þó ekki vilja dæma um hvað eru sanngjörn laun og hvað ekki og mikilvægt sé að horfa á málið í víðara samhengi en ekki horfa bara á eitt félag.

Heiðrún vísaði því næst í samskipta- og siðareglur Gildis um að sjóðurinn fjárfesti í samfélagslega ábyrgum fyrirtækjum sem fylgja lögum og reglum samfélagsins ásamt viðurkenndum viðmiðunum um góða stjórnarhætti og viðskiptasiðferði. Heiðrún vísaði einnig í 4.gr. hluthafastefnu sjóðsins þar sem sérstaklega er tilgreint að stjórn hvers félags ræður forstjóra og framkvæmdastjóra og gerir við þá ráðningar- og starfssamninga sem byggja á faglegum grunni og fyrir samningnum liggi hlutlæg rök og við ákvörðun launa sé m.a. litið til þess markaðar sem félagið starfar á. Heiðrún sagði að þetta séu atriði sem er vel kynnt fyrir öllum stjórnarmönnum sem taka sæti í stjórnnum félaga fyrir hönd Gildis.

Heiðrún ræddi því næst samkeppnissjónarmið sem Gildi verður að horfa til í öllu sínu starfi og sérstaklega ef sjóðurinn á í fleiri en einu félagi á sama markaði. Benti hún á að samkeppnisefirlitið fylgist vel með því, með hvaða hætti lífeyrissjóðir beita valdi sínu t.d. á hlutafélagamarkaði. Þá vék Heiðrún að regluverki sjóðsins og sagði hann starfa eftir stífu regluverki og benti á að sjóðurinn megi ekki misbeita valdi sínu þannig að það geti skaðað

viðkomandi félög eða samkeppni á viðkomandi sviðum. Því er mikilvægt að kynna vel fyrir stjórnarmönnum sem starfa fyrir sjóðinn regluverk og samkeppnissjónarmið sjóðsins. Í hluthafastefnu Gildis er hlutverk stjórnarmanna sem eru tilnefndir fyrir sjóðinn skýrt skilgreint.

Til máls tók **Örn Pálsson**

Örn var ósáttur við afgreiðslu málsins hjá fundarstjóra og sagðist undrandi á því að tillaga sem væri löglega fram borin fái ekki almenna umræðu. Fannst honum fundarstjóri ganga of langt í þessu máli. Örn sagðist hafa skoðað málið vel, farið vel ofan í samskipta- og siðareglur sjóðsins og að hann hafi bent á þessi mál áður. Hann segir þetta skýr skilaboð frá ársfundinum til stjórnarinnar um að aðhafast í málinu.

Örn vísaði í samskipta- og siðareglur sjóðsins um það að sjóðurinn fjárfesti ekki í fyrirtækjum sem ofbjóði siðferðisvitund almennings með ósanngjarnri framkomu gagnvart starfsfólki s.s. varðandi kjör og stjórnunaraðferðir eða með óhóf í launamálum stjórnenda. Örn segir að allir sem hann hafi rætt við séu sammála honum um að þessi laun séu fram úr öllu hófi og vísaði í bls. 36 í ársskýrslu um bestu staðla um stjórnarhætti fyrirtækja. Þar segir m.a. að stjórnarmenn sem njóta stuðnings Gildis skulu í störfum sínum hafa til hliðsjónar samskipta- og siðareglur Gildis-lífeyrissjóðs. Örn segir þetta vera algjörlega skýrt og hvetur ársfundinn til að samþykkja tillöguna óbreytta. Sagði hann að með því að samþykkja tillöguna sé verið að marka stefnuna og gefa skýr skilaboð út á markaðinn um að þessi laun séu úr hófi. Örn sagði að þar sem Gildi væri stærsti hluthafinn í Högum eigi sjóðurinn að láta til sín taka í þessum málum.

Að mati Arnar á stjórnarmaður sem tilnefndur er í stjórn félags fyrir hönd Gildis að fara eftir öllu sem stjórnin segir honum. Örn hvatti að lokum fundarmenn til að samþykkja tillöguna óbreytta.

Til máls tók **Harpa Ólafsdóttir**

Harpa þakkaði Erni fyrir að leggja fram tillöguna og að vekja máls á þessu og sagðist vera sammála því að þetta séu allt of há laun. Harpa sagði að stjórnin hafi undanfarið verið að marka stefnu í þessum málum og vísaði í hluthafastefnu sjóðsins. Hún tók undir tillögu fundarstjóra og sagði fagna því að vinna með málið áfram í stjórninni.

Til máls tók **Eiríkur Stefánsson**

Eiríkur sagðist vera með undir höndum skjal með nöfnum margra manna sem eru fulltrúar alþýðunnar á Íslandi. Hann benti á að fulltrúaráð sjóðsins væru fulltrúar fátæks fólks á Íslandi en ekki fulltrúar hinna ríku. Hann líkti baráttu Arnar Pálssonar í þessu máli við sauðfé sem kemur heim að hausti en fer svo aftur upp til fjalla að vori, aftur og aftur komi hann með sömu tillögu. Eiríkur sagði að það væri ekki rétt hvernig Magnús fundarstjóri túlki tillögu Arnar Pálssonar og bætti við að með þessum launum í Högum væri verið að brjóta allar siðareglur Gildis. Hann lýsti óánægju sinni með að lífeyrissjóðirnir skuli vera að fjárfesta á matvörumarkaðinum og olfúmarkaðinum. Eiríkur hvatti launafólk á fundinum til að samþykkja tillögu Arnar Pálssonar.

Fundarstjóri útskýrði aftur hver skylda hans er sem fundarstjóri, en það er að fara eftir samþykktum sjóðsins og landslögum. Þess vegna vakti hann athygli fundarins á því að það væri hans álit að þarna gæti verið að fara að svig við samþykktir sjóðsins og landslög og því hafi hann lagt fyrir fundinn að hann taki sína afstöðu til þess hvað skuli gera í framhaldinu.

Til máls tók **Guðbjörn Jónsson**

Guðbjörn benti á að ársfundurinn er æðsta vald í Gildi, æðri en stjórnin og stjórninni því skylt að fara eftir ákvörðunum fundarins. Þá sé stjórninni skylt að leggja línurnar fyrir þá fulltrúa sem vinna fyrir sjóðinn í öðrum félögum, eins og æðsta vald leggur það upp. Guðbjörn sagði auðvelt að hringsóla í lagagreinum og reglugerðum í kringum þessa þætti í langan tíma. En aðalatriðið sé ábyrgð þeirra sem eru með kosningarétt á fundinum og axla þá ábyrgð sem að því fylgir að fara

MA
FSU

með æðsta vald í svo stórum sjóði sem Gildi er. Guðbjörn spurði að lokum hvort fulltrúar fundarins væru þess verðir að vera fulltrúar Gildis, sem er rúmlega 330 ma.kr. sjóður.

Til máls tók **Jóhann Páll Símonarson**

Jóhann Páll sagðist styðja tillögu Arnar Pálssonar og sagðist vona að fulltrúar Eflingar væru sama sinnis. Hann benti á að þeir sem sitji fundinn séu eigendur sjóðsins og því sé mikilvægt að Gildi geri athugasemdir við þessi ofurlaun. Jóhann gerði því næst athugasemd við fundarstjórn og einnig það að tillaga Arnar, sem löglega var fram borin, hafi ekki verið í fundargögnum. Hann sagðist ósáttur við hvernig Magnús fundarstjóri hafi tekið á málinu og nánast hent tillögunni út af borðinu. Jóhann lagði til að Örn Pálsson taki tillögu sína til endurskoðunar, þannig að hún standist lög og reglur.

Fundarstjóri baðst afsökunar á því að tillaga Arnar Pálssonar hafi ekki verið í fundargögnum og benti jafnframt á að búið sé að afhenda öllum fundarmönnum afrit af henni. Fundarstjóri sagðist alls ekki vera að henda tillögunni út af borðinu, heldur sé hann eingöngu að vekja athygli á því að hún væri ekki tæk til efnislegrar ákvarðanatöku á ársfundinum eins og hún er orðuð. Fundarstjóri ítrekaði að valdið er hjá fundinum og það hvernig á málinu verður tekið.

Til máls tók **Elínbjörg Magnúsdóttir**

Elínbjörg sagði það vera hlutverk fundarstjóra að úrskurða um meðferð mála ef á þarf að halda og taldi að það ættu flestir að vita sem sitji fundinn. Hún benti á að ef tillagan fari fyrir fundinn eins og hún liggi fyrir, þá sé um leið verið að koma í veg fyrir að stjórnin geti fjallað um hana. Elínbjörg sagðist því styðja tillögu fundarstjóra um það að umræddri tillögu Arnar verði vísað til stjórnar og stjórnin taki hana til efnislegrar meðferðar. Elínbjörg sagði að sem stjórnarmaður í Gildi myndi hún vinna í því að koma gagnlegum upplýsingum til stjórnarmanna sem sitja í stjórnnum féлага fyrir Gildi, m.a. vegna launamála í viðkomandi félögum.

Til máls tók **Eiríkur Stefánsson**

Eiríkur velti fram þeirri fyrirspurn að ef tillaga Arnar fari í atkvæðagreiðslu á fundinum og hún verði samþykkt, hvort það sé þá ekki persónuleg ákvörðun fulltrúa Gildis í stjórn Haga hvernig hann tekur á málinu. Eiríkur telur að ef tillögunni verði vísað til stjórnar verði henni rústað.

Fundarstjóri svaraði Eiríki því að það sé í höndum fundarins að taka ákvörðun varðandi þessa tillögu.

Til máls tók **Halldór Ármannsson**

Halldór spurði hvers vegna tillaga Arnar Pálssonar væri ekki í fundargögnum og hver beri ábyrgð á þeim mistökum. Halldór sagði að allar tillögur sem berist á réttum tíma fyrir ársfund eigi að liggja í fundargögnum og velti upp þeirri spurningu hvort fundurinn sé ólögmætur vegna þessa.

Fundarstjóri baðst enn og aftur afsökunar á því að tillöguna hafi vantað í gögnin og sagðist bera ábyrgð á því. Fundarstjóri vitnaði í 9. tl. 5.gr. samþykktar sjóðsins þar sem segir að tillögur þurfi að berast viku fyrir ársfund og sagði hann að tillagan væri því lögleg þar sem hún barst til sjóðsins tímanlega og í samræmi við ákvæði samþykktanna. Tillagan sé því fullkomlega lögleg á fundinum til meðferðar. Fundarstjóri segist ekki vera að úrskurða neitt heldur vera að veita fundinum tækifæri til að taka afstöðu.

Til máls tók **Guðbjörn Jónsson**

Guðbjörn sagðist vera vanur fundarstjórn og benti fundarmönnum á að Magnús fundarstjóri hafi á engan hátt farið út fyrir það sem honum er heimilt sem fundarstjóra varðandi kynningu á tillögunni. Magnús hafi haft fulla heimild til að leggja til að tillögu Arnar verði vísað til stjórnar og Guðbjörn benti einnig á að Magnús hafi ekki tekið neina afstöðu til hennar. Guðbjörn velti hins vegar fyrir sér hvort stjórninni sé siðferðislega stætt á að fara fram á að fundurinn afsali sér æðsta

valdi til að taka afstöðu til máls sem liggur fyrir honum til þess að næst æðsta vald sjóðsins geti tekið afstöðu. Guðbjörn lagið fram sáttaleið, þannig að orðalagi verði breytt í tillögu Arnar en óskað að lokum eftir að fundarmenn taki afstöðu til tillögunnar hér á fundinum.

Til máls tók Árne Jón Konráðsson

Árne Jón vísaði í lög sem Geir H. Haarde setti og þar segir að lífeyrissjóðir megi ekki eiga menn í stjórn í þeim félögum sem þeir eiga eignarhlut í. Árne Jón benti einnig á að í sömu lögum komi fram að heildareign lífeyrissjóða megi aldrei fara yfir 10% í hverju félagi.

Til máls tók Örn Pálsson

Örn minnti á að ársfundur er æðsta vald og sagðist hafa vandað orðalag tillögunnar eins vel og hann gat og hann telur að með upphaflega orðalaginu hafi tillagan mesta gildið. Örn telur að aðrar breytingartillögur sem fram hafa komið á fundinum myndu úþynna tillögu hans þannig að hún myndi missa marks. Hann hvatti því fundarmenn til að samþykka tillögu sína.

Fundarstjóri gekk því næst til atkvæðagreiðslu.

Heiðrún Jónsdóttir formaður fór fram á að atkvæðagreiðslu verði skipt skv. grein 5.4 í samþykktum, þannig að fulltrúar launþega og atvinnurekenda greiði atkvæði hvorir í sínu lagi og þarf tilskilinn meirihluta í báðum hlutum fulltrúaráðsins svo að samþykkt sé lögleg.

Fundarstjóri útskýrði fyrir fundarmönnum hvað felst í skiptri atkvæðagreiðslu samkvæmt samþykktum sjóðsins.

Fundarstjóri las málsmeðferðartillögu sína.

„Það er tillaga mín sem fundarstjóra að tillögu þessari verði vísað til stjórnar sjóðsins, sem taki hana til efnislegrar meðferðar í samræmi við og samkvæmt samskipta- og síðareglum sjóðsins og hluthafastefnu“.

Formaður stjórnar dró til baka beiðni um skipta atkvæðagreiðslu.

Fundarstjóri gekk því næst til atkvæðagreiðslu um málsmeðferðartillöguna.

Já sögðu 28

Nei sögðu 8

Tillaga fundarstjóra var samþykkt með 28 atkvæðum gegn 8.

Tillögu Arnar Pálssonar er því vísað til stjórnar til efnislegrar meðhöndlunar.

Önnur mál framhald.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Til máls tók Jóhann Páll Símonarson

Jóhann gerði athugasemdir við auknar skuldir í rekstri sjóðsins. Jóhann sagðist hafa tekið saman tap sjóðsins frá 2008, sagðist hafa bent á þetta ár eftir ár. Jóhann sagði sjóðinn ekki eiga fyrir framtíðarskuldbindingum og sagðist ekki vita hvernig stjórnin ætlar að bregðast við þessum vanda sjóðsins. Jóhann lagði til að dregið verði úr rekstrarkostnaði, að laun framkvæmdastjóra verði lækkuð og tekið á halla sjóðsins. Jóhann óskaði jafnframt eftir því að á næsta ársfundi liggi allar útskýringar varðandi reikningana fyrir og sagðist ánægður með þær útskýringar sem hann fékk við fyrirspurnum sínum fyrir á fundinum. Jóhann óskaði eftir að fólk myndi vinna saman að uppbyggingu sjóðsins og vitnaði að lokum í verðlaun sem sjóðurinn fékk á árum áður.

Til máls tók **Guðbjörn Jónsson**

Guðbjörn sagðist vera ósáttur við atkvæðagreiðsluna áðan og taldi fulltrúa verkalýðsins vera að bregðast því hlutverki sem þeir eru kjörnir til. Guðbjörn velti því næst fyrir sér hversu stór upphæð er í sjóðnum eftir látna sjóðfélaga sem enginn á tilkall til. Aftur vísaði Guðbjörn í atkvæðagreiðsluna og sagðist vilja benda á að atvinnurekendur hafi ekki lögvarinn rétt til að fara með þá fjármuni sem þeir hafa þegar greitt í sjóðinn. Þá vék Guðbjörn að fjárfestingum sjóðsins og velti fyrir sér hvers vegna lífeyrissjóðurinn fjárfestir mest í þjónustufyrirtækjun en ekki í gjaldeyrisskapandi atvinnugreinum. Því næst vísaði Guðbjörn í neikvæða ávöxtun erlendra eigna sjóðsins og var hissa á að formaðurinn skuli tala um mikilvægi þess að auka erlendar eignir. Að lokum skoraði Guðbjörn á stjórn lífeyrissjóðsins að boða til opins umræðufundar um málefni sjóðsins.

Fundarstjóri sagði að tveir fundarmenn eigi eftir að tjá sig, en sagðist hér og nú loka fyrir mælendaskrá fundarins.

Til máls tók **Eiríkur Stefánsson**


Eiríkur sagði þjóðfélagið vera gegnumsyrt af klíkuskap og skammaðist yfir hve margir væru farnir af fundinum. Eiríkur velti fyrir sér lögmæti verðtryggðra lána og spurði verkalýðshreyfinguna hvort hún hafi sent fyrirspurn til Evrópusambandsins varðandi lögmæti verðtryggðra lána. Eiríkur vísaði í dóma frá hinum ýmsu löndum í þessu samhengi.

Til máls tók **Árni Jón Konráðsson**


Árni Jón segist hafa gert athugasemd hjá Lífeyrissjóði sjómanna árið 2000 varðandi gömul réttindi í sjóðnum. Árni Jón rifjaði upp athugasemdir sínar í gegnum árin og vitnaði í gamlar tölur sem hann greiddi í Lífeyrissjóð sjómanna á árum áður, sem hann segir að hafi lækkað í meðhöndlun sjóðsins. Árni Jón ræddi í lokin rétt sjómanna og kaup og kjör þeirra í gegnum tíðina og er ósáttur við að fá ekki lífeyri í samræmi við bátsmannslaun eins og hann var á þegar hann hætti til sjós.

Formaður stjórnar sleit fundi kl. 20:25

Með atkvæðisrétt á fundinum sátu 42 fulltrúar launamanna og 11 fulltrúar atvinnurekenda. Fjöldi annarra fundarmanna var um 65 manns.



Magnús Norðdahl
fundarstjóri



Bjarney Sigurðardóttir
fundaritari